

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni um umsækjendur um alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum.

1. *Hversu margir umsækjendur hafa fengið alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum á Íslandi eftir að hafa áður fengið samþykki fyrir slíku í öðru Evrópuríki á árunum 2016–2021?*

Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun fengu 1.595 umsækjendur vernd, viðbótarvernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum á Íslandi á árunum 2016–2021 (til og með 15. ágúst). Samkvæmt skráningum í upplýsingakerfi Útlendingastofnunar höfðu 374 þessara einstaklinga þegar fengið vernd eða viðbótarvernd í öðru Evrópuríki. Inni í þessum tölum eru ekki einstaklingar sem höfðu áður fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum í öðru Evrópuríki. Slík tilvik eru ekki skráð með sama hætti og ekki hægt að greina þau frá málum einstaklinga sem höfðu fengið dvalarleyfi á öðrum grundvelli.

2. *Hversu oft hefur Dyflinnarreglugerðinni verið beitt á árunum 2016–2021 og hversu oft hefur henni ekki verið beitt þegar það hefði verið heimilt?*

Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun voru teknar 850 ákvarðanir um endursendingu umsækjenda um vernd til annarra Evrópuríkja á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar á árunum 2016–2021 (til og með 15. ágúst). Af þeim voru 233 ákvarðanir teknar til efnislegrar meðferðar á síðari stigum, ýmist í kjölfar afturköllunar, úrskurðar kærunefndar útlendingamála eða vegna þess að ekki tókst að ljúka afgreiðslu þeirra innan þeirra tíamarka sem lög nr. 80/2016, um útlendinga, og reglugerð nr. 540/2017 um útlendinga kveða á um.

Í upplýsingakerfi Útlendingastofnunar eru skráð 54 tilvik á árunum 2016–2021 (til og með 15. ágúst) þar sem íslensk stjórnvöld tóku ábyrgð á meðferð umsóknar um vernd þar sem hægt hefði verið að óska eftir endurviðtöku umsækjandans til annars ríkis á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Slík tilvik eru þó vafalítið fleiri en þau voru ekki skráð í upplýsingakerfi stofnunarinnar með reglubundnum hætti fyrr en tiltölulega nýlega. Þannig hefur Dyflinnarreglugerðinni ekki verið beitt frá árinu 2010 í þeim tilvikum þar sem hægt hefði verið að óska eftir endurviðtöku grískra yfirvalda og frá árinu 2015 í málum frá Ungverjalandi. Ekki eru til tölulegar upplýsingar um fjölda slíkra mála.